

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 26. ÁRG. 2020



ÁMINNING VEGNA  
INNHEIMTU SMÁLÁNA

6-8

TYRKLANDS-  
HEIMSÓKNIN

12-14

COVID  
RÉTTARFAR

28-30





- |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>4 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR<br/>Húsleitir á lögmannsstofum,<br/>Ruth Bader Ginsberg og<br/>hlutverk MDE</p> <p>6 ÁGÚST KARL KARLSSON<br/>Af vettvangi úrskurðarnefndar<br/>lögmannna: Áminning vegna<br/>innheimtu smálána</p> <p>9 OLGA DÍS ÞORVALDSDÓTTIR<br/>Hin margvíslegu ágreiningsefni<br/>málskostnaðar- og<br/>réttaraðstoðartrygginga</p> <p>12 RAGNAR AÐLASTEINSSON<br/>Husman Kavala, Tyrkland og<br/>Mannréttindadómstóll Evrópu</p> | <p>14 SVEINN ANDRI SVEINSSON<br/>Mannréttindi í Miklagarði</p> <p>15 INGIMAR INGASON<br/>Bakvakt lögmannna: Fjölgun mála<br/>– fækkun símtala</p> <p>16 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON<br/>Nefnd um dómaraströf: Hvað á<br/>að gera þegar dómari neitar að<br/>úrskurða?</p> <p>18 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Námssjóður LMFÍ styrkir<br/>fræðaskrif</p> <p>20 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Fossaganga 2020</p> | <p>22 INGIMAR INGASON<br/>LMFÍ fer fram á að reglur verði<br/>settar um framkvæmd húsleita á<br/>lögmannsstofum</p> <p>24 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Sögur af Jóni E. Ragnarssyni</p> <p>26 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Hvað líður tæknivæðingu<br/>dómstólanna?</p> <p>28 ARI KARLSSON<br/>Covid réttarfar:<br/>Bráðabirgðaheimildir um rafræna<br/>meðferð dómsmála.</p> |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

**Lögmannafélag Íslands**  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður  
netfang: [daniel@magna.is](mailto:daniel@magna.is)

**Ritnefnd**  
Ari Karlsson lögmaður  
Arna Pálsdóttir lögmaður  
Ágúst Karl Karlsson lögmaður  
Guðrún Olsen lögmaður  
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður

**Bláðamaður**  
Eyrún Ingadóttir

**Stjórn LMFÍ**  
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður  
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, varaformaður  
Viðar Lúðvíksson lögmaður, gjaldkeri  
Kristín Edwald lögmaður, ritari  
Birna Hlín Káradóttir lögmaður, meðstjórnandi

**Varastjórn LMFÍ**  
Eva Halldórsdóttir lögmaður  
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður  
Tómas Eiríksson lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**  
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

**Forsíðumynd**  
Ljósmyndari: Helgi Jóhannesson

PRENTVINNSLA  
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA  
Óflun ehf.  
Sími: 530 0800  
ISSN 1670-2689

# Hvað gerir þú við gamla farsímann?



Farsími geymir gögn, á SIM kortinu og í símanum sjálfum, oft viðkvæm gögn sem þarf að eyða með öruggum hætti. Við vinnum samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar farsímans. Eyðingin sjálf gerist með fíntætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



## GAGNAEYÐING

# HÚSLEITIR Á LÖGMANNSSTOFUM, RUTH BADER GINSBERG OG HLUTVERK MDE

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Hinn 21. júlí s.l. var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem íslenska ríkið var dæmt til að greiða lögmanni miskabætur vegna þvingunarráðstafana sem hann var látinn sæta af hálfu lögreglu og vegna verulegs dráttar á niðurfellingu málsins gegn honum. Lögmaðurinn var grunaður um aðild að auðgunarbroti skjólstæðings síns en það mál var látið niður falla gagnvart lögmanninum. Í dómi héraðsdóms kom réttilega fram hörð gagnrýni á þá meðferð sem lögmaðurinn var látinn sæta og vísað til stöðu hans sem lögmanns. „Blasir við að umræddar ráðstafanir og framkvæmd þeirra reyndust í mörgu tilliti vera sérlega íþyngjandi fyrir stefnanda sem lögmann, en lögmenn reiða sig öðru fremur á mannorð sitt og traust samborgara sinna.“ Þá voru sömuleiðis gerðar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd húsleitar lögreglu á starfstöð lögmannsins og að „... ekki hafi verið gætt eðlilegs meðalhófs í umfangi við haldlagningu og afritun gagna á starfstöðinni með hliðsjón af því að stefnandi er starfandi lögmaður og mátti því ljóst vera að slíkar ráðstafanir kynnu að vera sérlega íþyngjandi og gæta yrði sérstaklega að sjónarmiðum um trúnaðarskyldu lögmannna.“ LMFÍ hefur óskað eftir því að lögfest verði sérstök ákvæði um húsleitir á lögmannsstofum en full og brýn þörf er á því að sérstakar reglur gildi þar að lútandi, eins og þetta mál sýnir með óyggjandi hætti.

Ruth Bader Ginsberg, einn eftirminnilegasti dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna, er nú fallin frá, 87 ára að aldri. Ginsburg var skipuð í Hæstarétt Bandaríkjanna árið 1993, önnur kvenna í sögunni. RBG starfaði sem lögmaður í mörg ár, þótti framúrskarandi lögfræðingur og ötull talsmaður mannréttinda og talin hafa haft mótandi áhrif á bandaríska réttarsögu á sviði jafnréttismála. RBG taldist einn frjálsslyndasti dómariinn við Hæstarétt Bandaríkjanna

og hafði mikil áhrif innan réttarins. Álit hennar vöktu eftirtekt um margt og tilsvör hennar þannig að mark var tekið á, var oft vísað til hennar sem „Notorious RBG“. Þá vílaði hún ekki fyrir sér að brjóta áralangar hefðir eins og þegar hún tók upp á því að lesa upp sératkvæði sín við dómsuppsögu. Mikill sjónarsviptir er að þessari mögnuðu konu og víst er að ekki verður auðvelt að fylla það skarð sem hún skilur eftir sig.

Hefð er sögð vera fyrir því að forseti Mannréttindadómstólsins heimsæki aðildarríki mannréttinasáttmálans en opinber heimsókn forseta dómstólsins til Tyrklands og móttaka á heiðursdoktorsnafnbót við háskólann í Ístanbul hefur sætt mikilli gagnrýni. Mannréttindi eru fótum troðin í Tyrklandi og því viðbúið að heimsóknin framkallaði hörð viðbrögð. Hins vegar hefur einnig verið bent á að pólitískt hefði ekki verið klókt að hafna samskiptum við stjórnvöld í aðildarríki og fara þannig í bága við áralanga hefð. Þetta eru allt góðar og gildar vangaveltur en er það virkilega svo að það sé hlutverk Mannréttindadómstóls Evrópu að heimsækja aðildarríkin og þá í hvaða skyni? Ætla mætti að einhverjir aðrir en dómara séu betur til þess fallnir að vinna að utanríkis- og öryggismálum og jafnvel sérstaklega kosnir til þess arna. Dómara eiga að leysa úr ágreiningsmálum og dæma eftir lögum. Samkvæmt 21. gr. laga um mannréttinasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994 skulu dómara við Mannréttindadómstól Evrópu ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómara starfs. Sjálfstæði og hlutleysi dómstóla er best tryggð með því að dómara haldi sig við það hlutverk sem þeir voru skipaðir til að gegna, að leysa úr dómsmálum.





## 1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

# ÖFLUGT mála- og skjalakerfi sem hentar vel fyrir LÖGMANNSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



### Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,  
Draupnir lögmenn, Jónatansson  
lögmenn



### 1 SYSTEMS OneDrag & Drop Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í  
málakerfið á rétt mál með  
einni aðgerð.  
Draga skjöl á sameiginlega  
drifinu yfir í málakerfið  
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.  
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.  
(spjalddölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir  
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



## AF VETTVANGI ÚRSKURÐARNEFNDAR LÖGMANNA

# ÁMINNING VEGNA INNHEIMTU SMÁLÁNA

Þann 5. maí sl. kvað úrskurðarnefnd lögmanna upp úrskurð í máli nr. 29/2019, þar sem lögmanni var veitt áminning vegna innheimtu smálána. Lögmannablaðið rýndi í úrskurðinn.<sup>1</sup>

### **Krafist agaviðurlaga**

Kærandi kvartaði yfir því að lögmaðurinn B, hafi í störfum sínum sem fyrirsvarsmaður innheimtufyrirtækisins C ehf. brotið gegn ákvæðum lögmannalaga nr. 77/1998, innheimtulaga nr. 95/2008 og siðareglna lögmanna en innheimtufyrirtækið hafði milligöngu um innheimtu svokallaðra smálána gagnvart kæranda.

Kærandi gerði þær kröfur að lögmaðurinn myndi sæta agaviðurlögum fyrir háttsemi við innheimtuaðgerðir gagnvart kæranda, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn.

Að auki krafðist kærandi þess að C ehf. yrði gert að hætta allri innheimtu gagnvart kæranda, að innheimtukostnaður yrði felldur niður og loks að ætlaður ofgreiddur innheimtukostnaður yrði endurgreiddur kæranda. Þessum kröfum kæranda var vísað frá úrskurðarnefndinni með þeim rökstuðningi að úrlausn þeirra falli ekki undir valdsvið nefndarinnar, eins og það er afmarkað í V. kafla laga um lögmenn, sbr. einnig 3. gr. reglna um meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd. Því kom einungis til efnisúrlausnar í málinu sú krafa kæranda að lögmanninum yrði gert að sæta agaviðurlögum fyrir háttsemi sína, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um lögmenn.

<sup>1</sup> Vegna tengsla ritstjóra við málið tók hann ekki ákvörðun né hafði nokkuð með greinina að gera og ber höfundur því ábyrgð á henni.

### Í fyrsta lagi

Kærandi vísaði í fyrsta lagi til þess að lögmaðurinn hafi gert á hans hlut, sem fyrirsvarmaður innheimtufyrirtækisins, með því að hafa haft til innheimtu ólögsmætar kröfur vegna smálána. Hafi lögmaðurinn með þeirri háttsemi brotið gegn 6. gr. innheimtulaga og 3. gr. siðareglna lögmannna. Vísaði kærandi til þess að það fyrsta sem innheimtuaðili þurfi að skoða við mat á góðum innheimtuháttum hljóti ávallt að vera mat á því hvort undirliggjandi krafa, sem taka á til innheimtu, sé lögsmæt. Þá geti innheimta á því sem innheimtuaðili veit, eða má vita, að séu ólögsmætar kröfur ekki falið í sér góða innheimtuhætti.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar kemur fram að þrátt fyrir að innheimtuaðili taki til innheimtumeðferðar kröfu, sem fyrir liggur að efnislegur ágreiningur er um að hluta, feli það eitt og sér ekki í sér brot gegn innheimtulögum eða öðrum heimildum nema annað og meira komi til. Þá taldi nefndin að því yrði ekki slegið föstu, að það eitt að innheimtufyrirtæki hafi haft til innheimtumeðferðar kröfur á hendur kæranda sem hafi verið umfram hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt lögum nr. 33/2013, um neytendalán hafi falið í sér brot gegn innheimtulögum eða siðareglum lögmannna.

### Í öðru lagi

Í öðru lagi byggði kvörtun kæranda á því, að skráning á vanskilaskrá vegna krafna í innheimtu hjá lögmanninum og innheimtufyrirtækinu hafi brotið í bága við góða innheimtuhætti samkvæmt 1. og 2. mgr. 6. gr. innheimtulaga, enda hafi falist í slíkri skráningu óhæfilegur þrýstingur á skuldara að gera upp kröfur.

Úrskurðarnefndin vísaði til þess að samkvæmt þeim lánasamningum sem kærandi lagði fyrir nefndina, hafi legið fyrir heimild til að tilkynna um vanskil til skráningar. Með hliðsjón af því var talið að kærandi hefði ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að með hinni ætluðu skráningu á vanskilaskrá hefði kærði gert á hlut hans með háttsemi sem stríði gegn lögum eða siðareglum lögmannna.

### Í þriðja lagi

Í þriðja lagi var kvörtun kæranda á því reist að ekki hafi verið gerð grein fyrir kostnaði undirliggjandi smálánakrafna með fullnægjandi hætti við innheimtu þeirra af hálfu innheimtufyrirtækisins og að innheimtuviaðvörðun hafi því ekki þjónað tilgangi sínum, sbr. c. lið 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. innheimtulaga. Hafi upphaflegur höfuðstóll og lántökukostnaður verið skráður saman sem ein fjárhæð

---

„AÐ MATI NEFNDARINNAR VERÐA LÖGMENN AÐ HAGA KRÖFUGERÐ UM INNHEIMTUKOSTNAÐ Í FRUM- OG MILLIINNHEIMTU, [...] Í SAMRÆMI VIÐ HEIMILDIR INNHEIMTULAGA NR. 95/2008 OG FYRRGREINDRAR REGLUGERÐAR NR. 37/2009“.

---

sem brjóti gegn tilgreindu ákvæði, þar sem mælt sé fyrir um að fjárhæð kröfu skuli sundurliðuð í höfuðstól og aðrar viðbótarkröfur.

Úrskurðarnefndin féllst á það með kæranda að máli geti skipt fyrir skuldara, þar á meðal vegna ákvæðis um hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar í 26. gr. laga um neytendalán, að skýrar upplýsingar liggi fyrir um sundurliðun fjárkröfu í innheimtu í höfuðstól annars vegar og aðrar viðbótarkröfur hins vegar. Í úrskurði nefndarinnar var hins vegar tekið fram, að innheimtufyrirtækið hafi að nokkru bætt úr þessum annmarka. Með hliðsjón af því, sem og að teknu tilliti til þess að engar slíkar innheimtuviaðvaranir sem 7. gr. innheimtulaga tekur til voru lagðar fram í málinu, taldi nefndin að innheimtuhættir innheimtufyrirtækisins og lögmannsins hafi að því leyti sem hér um ræðir ekki brotið í bága við 6. gr. laganna eða aðrar heimildir.

### Í fjórða lagi

Fjórða og síðasta kvörtunarefni kæranda laut að því að ekki væri unnt að líta svo á að eiginleg löginnheimta samkvæmt 3. mgr. 24. gr. og 24. gr. a. lögmannalaga hafi hafist með sendingu svonefndra „löginnheimtubréfa“ af hálfu innheimtufyrirtækisins vegna hinna umþrættu krafna. Þannig hafi innheimtufyrirtækið aldrei stefnt kröfumáli fyrir dóm þrátt fyrir þúsundir innheimtukrafna. Jafnframt því hafi innheimtuaðilinn aldrei farið í neinar slíkar réttarfarsaðgerðir sem mælt sé fyrir um í 1. mgr. 24. gr. a. lögmannalaga. Þá hafi innheimtukostnaður sem lagður var á hinar umþrættu kröfur falið í sér brot á 12. gr. innheimtulaga og reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, auk þess sem hinn ætlaði löginnheimtukostnaður hafi verið vel umfram þær fjárhæðir og hlutfall kostnaðar sem tiltekið sé í 2. gr. leiðbeinandi reglna um endurgjald sem lögmonnum er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu, sbr. 3. mgr. 24. gr. lögmannalaga.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að innheimta innheimtufyrirtækisins gagnvart kæranda hafi í reynd ekki falið í sér löginnheimtu, í skilningi innheimtulaga. Vísaði nefndin m.a. til þess að þrátt fyrir ætluð vanskil krafanna um rúmlega tveggja ára skeið, hafi innheimtufyrirtækið ekki beitt innheimtumeðferð gagnvart kæranda, á grundvelli réttarfarslaga. Þvert á móti yrði ekki annað ráðið af málgögnum en að innheimtuaðilinn hafi aðeins fylgt eftir hinum ætluðu löginnheimtubrúfum með tölvubrúfum, smáskilaboðum og símhringingum til kæranda þar sem tilkynnt var um „ógreiddar kröfur“ og „alvarleg vanskil“. Samkvæmt því yrði að leggja til grundvallar að ekki hafi staðið til að beita réttarfarslögum við innheimtuna. Því yrði að líta svo á að innheimtufyrirtækið, og lögmaðurinn fyrir þess hönd, hafi viðhaft tilgreindar innheimtuaðgerðir á hendur kæranda sem lið í ætlaðri frum- og milliinnheimtu gagnvart kæranda. Af því leiðir að lögmanninum og innheimtufyrirtækinu hafi borið að fara með kostnað af viðkomandi innheimtukröfum samkvæmt innheimtulögum og reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar segir, að umkrafinn innheimtukostnaður hafi í öllum tilvikum verið umtalsvert hærri en höfuðstólsfjárhæð lána kæranda. Taldi nefndin innheimtukostnaðinn í engu samræmi við heimildir í innheimtulögum og reglugerð um hámarksfjárhæð

innheimtukostnaðar. Með vísan til þessa var það niðurstaða nefndarinnar að sá innheimtukostnaður sem innheimtufyrirtækið áskildi umbjóðanda sínum úr hendi kæranda við innheimtuna hafi talist óhóflegur og farið í bága við góða innheimtuhætti, sbr. 6. gr. innheimtulaga.

Þá segir í niðurstöðu nefndarinnar, að lögmennt verði haga kröfugerð um innheimtukostnað í frum- og milliinnheimtu, í samræmi við heimildir innheimtulaga og reglugerðar um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Sá misbrestur sem á því varð í aðgerðum lögmannsins gagnvart kæranda, var að mati nefndarinnar til þess fallinn að valda kæranda tjóni og óþægindum. Fór háttsemi lögmannsins því gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt 6. gr. innheimtulaga.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú, að lögmaðurinn hafi gert á hlut kæranda með umræddri háttsemi. Með vísan til þess að lögmaðurinn hefur áður sætt aðfinnslum af hálfu nefndarinnar vegna brota á góðum innheimtuháttum og með hliðsjón af alvarleika brotanna, var það niðurstaða nefndarinnar að veita lögmanninum áminningu samkvæmt 2. mgr. 27. gr. lögmannalaga, vegna háttsemi hans gagnvart kæranda í málinu.

Ágúst Karl Karlsson

# LOGOS

Reykjavík · London



Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · [www.law.is](http://www.law.is)

# LANDSLÖG



# MAGNA

L Ö G M E N N

S. Sif Thorlacius hdl.  
Kristján B. Thorlacius hrf.  
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrf.  
Tinna Björk Gunnarsdóttir hdl.  
Halldór Hrannar Halldórsson hdl.

# FORTIS

Lögmannsstofa



# HIN MARGVÍSLEGU ÁGREININGSEFNI MÁLSKOSTNAÐAR- OG RÉTTARAÐSTOÐAR- TRYGGINGA



OLGA DÍS ÞORVALDSSÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR HJÁ TM

STÆRSTU VÁTRYGGINGAFÉLÖG LANDSINS ÞJÓÐA UPP Á MÁLSKOSTNAÐAR- EÐA RÉTTARAÐSTOÐARTRYGGINGAR SEM ER AÐ FINNA Í FASTEIGNATRYGGINGUM ANNARS VEGAR OG HEIMILIS- OG FJÖLSKYLDUTRYGGINGUM HINS VEGAR. TRYGGINGARNAR SKARAST AÐ ÁKVEÐNU LEYTI EN SKÖRUN ÞEIRRA FELST Í ÞVÍ AÐ FASTEIGNATRYGGINGUM ER ÆTLAÐ AÐ TAKA Á MÁLUM ÞEGAR ÁGREININGSEFNI VARÐAR VÁTRYGGÐAN SEM EIGANDA FASTEIGNAR EN SKÝRA UNÐANÞÁGU FRÁ BÓTASKYLDU VEGNA SLÍKRA MÁLA ER AÐ FINNA Í HEIMILIS- OG FJÖLSKYLDUTRYGGINGUM.

## Óljós mörk milli trygginga

Þessi skörun hefur oft á tíðum verið ágreiningsvaldur þar sem mörkin á milli trygginganna getur í ákveðnum tilvikum verið óljós. Þetta á einkum við í fasteignakaupamálum, sér í lagi í fjöleignarhúsum. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum (hér eftir úrskurðarnefnd) hefur að einhverju leyti tekið á þessu álitaefni og má þar nefna úrskurð nefndarinnar í máli nr. 101/2016 þar sem ágreiningur var uppi um hvort að kaupendur fasteignar ættu rétt á greiðslu bóta úr fasteignatryggingu fjöleignarhúss hjá viðkomandi tryggingafélagi vegna málareksturs gegn seljanda í gallamáli en félagið hafði þá þegar hafnað bótaskyldu úr tryggingunni á þeim grundvelli að kaupendur eignar ættu fremur að leita í málskostnaðarlið heimilistryggingar sinnar þar sem

ágreiningur milli kaupenda og seljenda geti ekki varðað báða aðila sem eiganda fasteignar. Úrskurðarnefndin hafnaði þessari túlkun tryggingafélagsins og rakti það í úrskurði sínum að venjur í fasteignaviðskiptum leiði til þess að við afhendingu eignar taki kaupendur við réttindum og skyldum hvað húsfélög varðar og greiði þar með öll gjöld til húsfélagsins en greiðslum seljenda ljúki frá og með þeim tíma. Samhliða njóti kaupendur réttinda og beri ábyrgð á skyldum húsfélagsins og eigi á þeim grundvelli rétt á að leita í málskostnaðartryggingu húsfélagsins. Af þessari niðurstöðu nefndarinnar má því draga þá ályktun að seljendum fjöleignarhúsa eigna beri að leita í málskostnaðarlið heimilis- og fjölskyldutryggingar enda hafi þá þegar tapað réttindum húsfélagsins.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Sjá einnig úrskurði nefndarinnar í málum nr. 317/2017 og 319/2017 þar sem gengið er út frá því að eigendur fasteignar leiti í málskostnaðarlið fasteignatryggingar.

Málin aftur á móti vandast þegar fasteignatryggingin fellur úr gildi við sölu eignar en kveðið er á um það í skilmálum tryggingarinnar að váttryggður, í þessu tilviki seljendur, geti þrátt fyrir niðurfellingu tryggingarinnar fengið málskostað greiddan hafi hún verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu. Felur þetta í sér að seljendur eigna í fjöleignarhúsum geti í ákveðnum tilvikum gengið í málskostnaðarlið fasteignatryggingar húsfélags þrátt fyrir að hafa tapað réttindum húsfélagsins samhliða sölu eignarinnar. Með þessu fyrirkomulagi ganga bæði seljendur eignar og kaupendur hennar í einu og sömu trygginguna vegna ágreinings sem uppi er þeirra á milli. Hefur þessi framkvæmd verið staðfest af úrskurðarnefndinni.<sup>2</sup> Um það má deila hvort þetta fyrirkomulag stangist á við fyrri úrskurði nefndarinnar og þá venju að kaupendur, samhliða kaupum á eign, taki við réttindum húsfélags og seljendur tapi þeim að sama skapi. Ekki verður þó nánar fjallað um það hér.

### Hvenær verður ágreiningur til?

Eitt helsta álitaeftnið sem kemur upp í tengslum við málskostnaðar- og réttaraðstoðartryggingar er túlkun á því við hvaða tímamark upphaf ágreinings miðast. Mat á því hvenær ágreiningur telst kominn upp er grundvallaratriði við mat á bótaskyldu. Í skilmálum tryggingarinnar er skýrlega kveðið á um þetta atriði og byggt á því að hægt sé að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hafi verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu. Á þetta hefur margoft reynt fyrir úrskurðarnefndinni<sup>3</sup> en meðal ágreiningsmála er misjafn skilningur manna á því hvort framlagning stefnu marki upphaf ágreinings. Á þetta reynir meðal annars í málum sem eiga sér langan aðdraganda og hafa jafnvel fallið niður um einhvern tíma en tekið sig upp á ný. Verður að líta sérstaklega til þess hvort fyrir liggja formlegar hafnanir, úrskurðir eða dómur í tengslum við ágreiningseftnið þar sem slíkar niðurstöður marka vissulega upphaf ágreinings og er þá hæpið að líta svo á að þingfesting stefnu marki upphaf ágreinings komi til þess að málarekstur taki sig upp að nýju.<sup>4</sup> Í ljósi þess

að mál eru misjöfn eins og þau eru mörg geta vissulega komið upp tilvik þar sem stefna telst réttilega marka upphaf ágreinings, t.d. í málum vegna fasteignaviðskipta þar sem ágreiningur milli kaupenda og seljenda er tilkomin vegna vanefnda þess síðari á skyldum samkvæmt kaupsamningi. Í slíkum tilvikum getur reynst óhjákvæmilegt að stefna seljendum til efnda á kaupsamningi sem þá getur markað upphaf ágreinings í skilningi skilmála tryggingarinnar.

### Hvenær gerast atburðir?

Annað algengt álitaeftni, sem hefur þýðingu við mat á bótaskyldu, er hvenær þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfu í trygginguna hafa gerst. Skilmálar helstu tryggingafélaga heimila greiðslu bóta, að öðrum skilyrðum uppfylltum, hafi atburðir eða atvik gerst eftir að tryggingin tók gildi. Um er að ræða útvíkkun á gildissviði tryggingarinnar frá ákvæðum skilmála um upphaf ágreinings á gildistíma hennar og váttryggðum þar með gert kleift að sækja í trygginguna á þeim grundvelli að hún hafi verið í gildi þegar þau atvik eða þeir atburðir sem krafan byggir á gerðust. Líkt og gefur að skilja má oft deila um þetta atriði og kemur ákvæðið meðal annars til skoðunar í málum sem eiga sér langan aðdraganda, s.s. í fasteignaviðskiptum, fjármálagjörningum, og erfðamálum. Á þetta hefur reynt fyrir úrskurðarnefndinni og sem dæmi má nefna mál nr. 130/2019 þar sem deilt var um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna málareksturs um eignarhald á hluta fasteignar en viðkomandi tryggingafélag hafði þá þegar hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að hvorki ágreiningur né atvik máls hefðu gerst eftir að tryggingin tók gildi hjá félaginu. Á grundvelli gagna sem lágu fyrir í málinu var ljóst að umræddur ágreiningur átti sér langan aðdraganda, þannig hafi ítrekað verið reynt að fá þinglýstum eignarheimildum hnekk og dómur og úrskurðir gengið vegna gjafagerninga í tengslum við sömu fasteign. Í úrskurði sínum tók nefndin undir þá afstöðu tryggingafélagsins að ekki verði framhjá því litið að deilurnar hafi verið langvarandi og þar af leiðandi ekki unnt að fallast á að þeir atburðir eða þau atvik sem lágu til grundvallar kröfunni hafi gerst eftir að tryggingin tók gildi. Réttur til greiðslna úr tryggingunni var því ekki til staðar.<sup>5</sup>

<sup>2</sup> Sjá úrskurð nefndarinnar í máli nr. 165/2019.

<sup>3</sup> Sjá til dæmis úrskurði nefndarinnar í málum nr. 320/2016, 166/2016, 130/2019 og 362/2019.

<sup>4</sup> Um þetta álitaeftni vísast til úrskurðar nefndarinnar nr. 130/2019.

<sup>5</sup> Sjá einnig úrskurði nefndarinnar í málum nr. 166/2016, 320/2016, 33/2019, 88/2019 og 362/2019.

## Sættir ekki greiddar úr tryggingu – Þegar málum lýkur með sáttum

Auk þeirra álitamála sem fjallað er um hér að ofan gætir ágreinings um fjölda málefna og ótækt að telja upp með tæmandi hætti hvers konar ágreiningsmál kunna að koma til skoðunar í tengslum við málskostnaðar- og réttaraðstoðartryggingar. Meðal ágreiningsefna sem vert er að nefna hér í lokin er ágreiningur milli aðila um hvað teljist til dómsátta í skilningi skilmála en eitt af skilyrðum fyrir greiðslu bóta úr tryggingunni er að ágreiningur sé til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (*eml.*) Hefur því meðal annars verið haldið fram að til dómsátta teljist sáttir sem færðar hafa verið inn í þingbók án þess að vera gerðar á sérstöku skjali áður en fyrir þessu sé áratuga venja. Ágreiningur um þetta atriði hefur ratað inn á borð

úrskurðarnefndinnar sem úrskurðað hefur um að sátt teljist ekki til dómsátta í skilningi 109. gr. *eml.* nema að hún sé gerð skriflega og undirrituð af aðilum máls.<sup>6</sup> Af þessu leiðir að ljúki máli með öðrum hætti, svo sem með sátt utan réttar og niðurfellingu máls án kostnaðar í kjölfarið ellegar frávisun, fæst lögmanns- eða málskostnaður ekki bættur úr tryggingunni.

## Í lokin

Margskonar álitæfni hafa komið til skoðunar hjá bæði váttryggingafélögum og úrskurðarnefnd í váttryggingamálum vegna málskostnaðar- og réttaraðstoðartrygginga og hefur hér verið fjallað um nokkur þeirra. Málin verða ekki tæmandi talin og áfram mun reyna á túlkun skilmála enda eru málin ólík eins og þau eru mörg.

<sup>6</sup> Sjá úrskurði nefndarinnar í málum nr. 122/2019 og 356/2019.

## Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkjur og skjalapýðandi, EU-ACI

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf* » Sudurlandsbraut 30, 4. hæð, 108 Reykjavík

*sími: 897 2717* » *netfang: ellening@simnet.is*



# HUSMAN KAVALA, TYRKLAND OG MANNRÉTTINDA- DÓMSTÓLL EVRÓPU

RAGNAR AÐALSTEINSSON, LÖGMAÐUR



TVEIR NÝLEGIR ATBURÐIR Í TYRKLANDI OG EFTIRMÁLAR ÞEIRRA Hafa vakid alþjóðaathygli. Sá fyrri tengist mótælum umhverfissinna og fleiri gegn byggingu verslunarmiðstöðvar í Gezi garðinum í Istanbul í maí 2013, sem leiddi til mótælaöldu í fjölmörgum bæjum og borgum landsins. Hinn seinni er tilraun hluta hersins til valdaráns 15. júlí 2016, en í framhaldinu voru þúsundir borgara handteknar, fangelsaðar og lögsóttar, þeirra á meðal fjöldi lögmanna.

Einn þeirra sem fangelsaður var er Husman Kavala. Hann fæst við viðskipti en er einkum þekktur sem baráttumaður fyrir mannréttindum, lýðræði og umhverfisvernd. Í því hlutverki hefur hann tekið þátt í fjölmörgum frjálsum félagasamtökum og stofnað og leitt sum þeirra. Kavala var handtekinn og settur í gæsluvarðhald hinn 18. október 2017 sakaður um brot gegn ákvæðum hegningarlaga um bann við valdaráni og aðför að stjórnskipuninni. Gæsluvarðhald Kavala hefur verið framlengt allt til þessa dags. Kavala skaut máli sínu til Stjórnskipunardómstóls Tyrklands enda taldi hann lagaskilyrði frelsissviptingar ekki uppfyllt, þar sem ákærvaldinu hefði ekki tekist að sýna fram á rökstuddan grun um refsiverð brot hans. Kavala hafði ekki erindi sem erfiði fyrir réttinum.

Hinn 19. febrúar 2019 gaf ákærvaldið út ákæru á hendur Kavala og 15 öðrum þar sem honum var einkum gefið að sök að hafa gert tilraun til valdaráns með valdbeitingu og ofbeldi. Í ákæruskjalinu endurspeglast sakfellaði ummæli

Erdogan um Kavala í tveimur opinberum ræðum, sem hann flutti nokkru áður en ákæran var gefin út.

Kavala leitaði til Mannréttindadómstóls Evrópu hinn 8. júní 2018 vegna frelsissviptingarinnar. Hann bar einkum fyrir sig 1. mgr. 5. gr. MSE, þar sem skilyrði handtöku og gæslu eru m.a. að á sakborningi hvíli rökstuddur grunur um afbrot. Jafnframt vísaði hann til 18. gr. sáttmálans sem kveður á um að takmarkanir á réttindum og frelsi sem sáttmálinn heimilar skuli ekki beitt í öðru skyni en fyrir er um mælt.

Niðurstaða Mannréttindadómstólsins hinn 10. desember 2019 (application no. 38749/18) var að ekki hefði verið sýnt fram á þátttöku Kavala í þeirri refsiverðu háttsemi sem hann var sakaður um og þar af leiðandi hefði ekki verið uppi rökstuddur grunur, hvorki þegar hann var handrekinn né síðar eins og áskilið er í 1. mgr. 5. gr. MSE. Kavala rökstuddi tilvísun sína til 18. gr. sáttmálans m.a. með því að á bak við frelsissviptinguna hafi búið annarlegur

tilgangur, þ.e. að þagga niður í honum sem baráttumanni fyrir mannréttindum. MDE taldi hafið yfir skynsamlegan vafa að aðgerðirnar gegn Kavala hefðu haft annarlegan tilgang í andstöðu við 18. gr., þ.e. að þagga niður í honum. Þá taldi rétturinn að hinar umdeildu aðgerðir væru líklegar til að hafa letjandi áhrif á starf baráttumanna fyrir mannréttindum. Því hefði frelsisviptingunni verið beitt í öðrum tilgangi en að færa Kavala fyrir réttan handhafa opinbers valds á grundvelli rökstudds gruns um afbrot, sbr. 5. gr. Í lokin ályktaði rétturinn að Tyrklandi bæri að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að binda endi á frelsisviptinguna og tryggja umsvifalaus lausn Kavala.

Tyrkland sótti um leyfi MDE til að bera málið undir efri deild dómstólsins, en beiðninni var hafnað 12. maí 2020 og hefði Tyrkland átt að láta Kavala lausan í síðasta lagi næsta dag. Það gerðist ekki.

Hinn 3. september s.l. ákvað ráðherraráð Evrópuráðsins að Tyrkland skyldi láta Kavala lausan þegar í stað, en Tyrkland hefur enn þverskallast við ákvörðunum dómstólsins og ráðsins. Ákvörðun MDE og ráðsins um að láta Kavala lausan

er bindandi að lögum fyrir Tyrkland og hefur ríkið því gerst sekt um brot á milliríkjasamningi. Jafnframt hefur Tyrkland sýnt mannréttindadómstól Evrópu vanvirðingu og reyndar fyrirlitningu með því að hundska dóminn í máli Kavala.

Á sama tíma og ráðherraráðið krafðist lausnar Kavala hinn 3. september 2020 fór forseti MDE, Robert Spano, í heimsókn til Tyrklands í boði Erdogan forseta og dómsmálaráðherra landsins. Ekki verður ráðið af aðgengilegum upplýsingum að forseti MDE hafi óskað eftir leyfi til að heimsækja Kavala í fangelsið og bendir allt til að svo hafi ekki verið. Synjun um heimsóknarleyfi hefði að sjálfsögðu átt að leiða til þess að forseti MDE hefði afþakkað heimsóknarboð Erdogans.

Mikið hefði slík heimsókn í fangelsið til Kavala aukið veg Mannréttindadómstólsins og forseta hans í hugum Evrópubúa, ekki síst Tyrkja. Heimsóknin hefði og styrkt réttarríkið og sjálfstæði dómstóla meira en falleg orð í hátíðarræðu.



Róbert Spanó og Recep Tayyip Erdogan. Myndin birtist á opinberri heimasíðu forseta Tyrklands.

# MANNRÉTTINDI Í MIKLAGARÐI

SVEINN ANDRI SVEINSSON, LÖGMAÐUR



Undanfarnar vikur hefur átt sér stað mikil umræða um opinbera heimsókn Róberts Spanó, forseta Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) til Tyrklands og þá ákvörðun hans að taka heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann í Istanbul.

Áður en lengra er haldið er rétt að hafa eftirfarandi staðreyndir í huga:

1. Tyrkland er eitt af stofnríkjum MDE.
2. MDE ber að koma eins fram við öll þau sem ríki hafa aðild að dómstólnum.
3. MDE er ætlað að dæma í þeim málum sem einstaklingar höfða gegn aðildarríki vegna brota gegn Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE).
4. MDE er ætlað að dæma í málum af hlutleysi án þess niðurstaða mótist að skoðunum dómara á aðilum máls.
5. MDE hefur lokaorðið við túlkun MSE.
6. Þegar kemur að stöðu mannréttindamála í aðildarríkjum hefur MDE ekkert annað hlutverk.
7. Staða mannréttindamála í Tyrklandi er skelfileg.
8. Fjöldi Tyrkja hefur undanfarin misseri kært tyrknesk stjórnvöld til MDE, hverra mál bíða nú dóms.
9. Tyrknesk stjórnvöld hafa ekki framfylgt dómum MDE með fullnægjandi hætti.
10. Löng hefð er fyrir því að forseti MDE þiggi boð frá aðildarríki um opinbera heimsókn.
11. Löng hefð er fyrir því að forseti MDE taki við heiðursdoktorsnafnbót við háskóla aðildarríkis.

Öfugt við það sem haldið hefur verið fram af hálfu sumra fjölmiðla hér á landi, sem ekki hafa unnið heimavinnu sína, hafa frá árinu 1998 sex af sjö forsetum MDE þegið heiðursdoktorsnafnbætur og/eða orður frá aðildarríkum í tilefni af opinberum heimsóknum til aðildarríkja MSE, nú síðast forveri Róberts í starfi sem hlaut heiðursdoktorsnafnbót frá rúmenskum háskóla á árinu 2019. Í ljósi þessa og stöðu mannréttindamála í Tyrklandi, fjölda kærumála gegn tyrkneskum stjórnvöldum og tregðu þarlendrar stjórnarherra að framfylgja dómum MDE var úr vöndu að ráða fyrir forseta og stjórn MDE hvernig bæri að taka boði tyrkneskra stjórnvalda um opinbera heimsókn og

heiðursdoktorsnafnbót. Hvað sem yrði ofan á, yrði niðurstaðan alltaf tvíþent og umdeild:

- A. Að taka boðinu gæti mælst illa fyrir hjá mannréttinda-samtökum og stjórnarandstæðingum í Tyrklandi og jafnvel minnkað trú almennings þar í landi á MDE.
- B. Að hafna boðinu og nafnbótinni hefði hins vegar mátt líta á sem brot á hefð og þar með að MDE kæmi með öðrum hætti fram gagnvart Tyrklandi en öðrum aðildarríkjum. Hefðu lögmenn tyrkneskra stjórnvalda í þeim málum sem rekin eru fyrir dómstólnum án efa hent því á lofti að Tyrkland nyti ekki sannmælis hjá dómstólnum og að MDE væri ekki hlutlaus í þeim málum sem væru rekin þar. Það hefði getað skaðað málstað þeirra tyrknesku einstaklinga sem reka mál fyrir dómstólnum, auk þess að minnka líkur á því að dómum MDE væri framfylgt þar í landi.

Í þessu sambandi er vert að athuga að Róbert Spanó var um langa hríð forseti þeirrar deildar MDE sem dæmði áfelli í öllum alvarlegustu málum sem koma á borð dómstólsins eftir valdaránstílaunina í Tyrklandi árið 2016. Sérþekking hans á málefnum Tyrklands hlaut því að skipta verulegu máli við þá ákvörðun hans að velja síðari kostinn og þann illskárrí og þá nota tækifærið og prédika yfir tyrkneskum ráðamönnum um skyldur þeirra samkvæmt sáttmálanum.

Þeir sem mest hafa gagnrýnt Tyrklandsheimsókn forseta MDE skiptast í tvo hópa. Annars vegar þeir sem átta sig ekki á heildarmyndinni og því hagsmunamati sem réði því að af heimsókninni varð. Það síðan skýrist af annað hvort skorti á upplýsingum eða því að viðkomandi er mikið niðri fyrir vegna stöðu mannréttindamála í Tyrklandi. Því ber að sýna fullan skilning.

Hins vegar eru það þeir sem hafa horn síðu MDE og Róberts Spanó vegna niðurstöðu MDE í kærumáli á hendur íslenska ríkinu í tengslum við skipun dómara við Landsrétt. Í þeim hópi eru margir, flestir Sjálfstæðismenn, sem vilja taka Erdogan forseta Tyrklands til fyrirmyndar og hunza niðurstöðu dóms MDE.



BAKVAKT LÖGMANNA:

# FJÖLGUN MÁLA

## – FÆKKUN SÍMTALA



Lögmannafélag Íslands hefur um langt árabil skipulagt sérstaka bakvakt lögmanna á höfuðborgarsvæðinu þar sem lögmenn sem sinna verjendastörfum skipta með sér vöktum þannig að lögregla geti hvenær sem er sólarhrings, alla daga ársins, haft samband við vakthafandi lögmann komi sú staða upp að aðili sem handtekinn hefur verið óskar lögmannaástoðar.

### Af hverju bakvakt?

Með þessu fyrirkomulagi leitast Lögmannafélagið við að tryggja að sakborningar njóti ávallt ástoðar lögmanns líkt og þeim er tryggður réttur til, sbr. ákvæði 1. mgr. 30. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og c. liðar 3. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1995 um mannréttindasáttmála Evrópu. Vaktþjónustan er því afar mikilvægur þátt í að tryggja grundvallar mannréttindi þegnanna.

### Ósamræmi milli mála og símtala á bakvakt

Þrátt fyrir að málum, t.a.m. kynferðisbrotamálum og öðrum ofbeldismálum, hafi fjölgað umtalsvert á höfuðborgarsvæðinu á undanförunum árum endurspeglast það ekki í fjölgun símtala á bakvakt lögmanna. Í raun má segja að fjöldi hringinga í vaktasímann sé í hróplegu

ósamræmi við þróun á fjölda og umfangi mála hjá lögreglu. Þannig má benda á að fyrstu sjö mánuði þessa árs barst vakthafandi lögmönnum aðeins 15 símtöl í gegnum vaktasímann, borið saman við 24 símtöl á sama tímabili árið 2019, 21 árið 2018 og 65 símtöl árið 2017. Sé heildarfjöldi símtala í bakvaktarsímann skoðaður eftir heilum árum kemur í ljós að þeim hefur farið ört fækkandi en þau voru 33 á árinu 2019, 39 árið 2018 og 85 á árinu 2017.

### Fyrirspurn til lögreglustjóra

Í ljósi framangreindrar þróunar hefur Lögmannafélagið sent lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu fyrirspurn þar sem óskað er eftir að upplýst verði hversu oft embættið hafi tilnefnt sakborningi verjanda á grundvelli IV. kafla sakamálalaga nr. 88/2008, sundurliðað eftir árum, frá ársbyrjun 2017 til 31. júlí 2020, hversu margir lögmenn hafi verið skipaðir eða tilnefndir í umræddum málum, hvernig vali á þeim var háttað og hvert hafi verið hlutfall þeirra innbyrðis. Jafnframt er óskað eftir því við embættið að það upplýsi með hvaða hætti aðilar sem fá réttarstöðu sakbornings í tengslum við rannsókn mála hjá embættinu, eru upplýstir um rétt sinn til lögmannaástoðar á grundvelli framangreindra lagaákvæða.

II



Lögfræðistofa Reykjavíkur

NEFND UM DÓMARASTÖRF:

# HVAÐ Á AÐ GERA ÞEGAR DÓMARI NEITAR AÐ ÚRSKURÐA?

## Inngangur

Nefnd um störf dómara er að nokkru leyti sambærileg við úrskurðarnefnd lögmanna. Nefndin er sjálfstæð og óháð nefnd sem starfar á grundvelli 9. og 10. gr. dómstólalaga nr. 50/2016. Nefndin fjallar um agamál dómara og eftir atvikum aðstoðarmanna dómara og tekur við kvörtunum vegna dómstarfa þeirra. Hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á sinn hlut í störfum sínum er heimilt að beina kvörtun til nefndarinnar. Auk þess hefur nefndin eftirlit með aukastörfum dómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum.

Fáum kvörtunum er beint til nefndarinnar, a.m.k. samanborið við úrskurðarnefnd lögmanna, en væntanlega hefur það eitthvað með valdmörk nefndanna að gera. Nefnd um dómaraastörf hefur birt um þrjú til sjö mál á ári en til samanburðar birti úrskurðarnefnd lögmanna síðustu árin (2015-2019) á bilinu 23 til 45 mál. Þá er flestum málum vísað frá nefnd um dómaraastörf. Á árunum 2015-2019 bárust nefndinni alls 27 mál. Af þeim virðist sem einungis fjögur til sex mál hafi hlotið efnislega meðferð (upplýsingar á heimasíðu nefndarinnar eru ekki alveg fullkomnar). Eitt mál frá síðasta ári er áhugavert fyrir lögmenn en það varðar bæði samskipti dómara (og dómstóls) við lögmann en einnig þá réttarfarslegu klemmu sem kemur upp ef dómari beinlínis neitar að úrskurða í máli.

## Lögmaður kvartar yfir dómara

*Í álitni nefndar um dómaraastörf í máli nr. 4/2019* kvartaði lögmaður yfir því að héraðsdómari hefði annars vegar neitað að verða við kröfu um að kveða upp úrskurð um þóknun, sem áður hafði verið ákvörðuð honum til handa, og hins vegar að dómari hefði ekki svarað andmælum lögmannsins vegna þessa. Auk þess kvartaði lögmaðurinn yfir því að héraðsdómstóllinn hefði ekki svarað kvörtun hans yfir háttsemi dómans.

Lögmaðurinn hafði farið fram á ákvörðun um þóknun vegna starfa sinna sem skipaður verjandi manns sem hafði verið úrskurðaður í farbann vegna rannsóknar. Lögreglumálið var fellt niður og þá hafði lögmaðurinn óskað eftir ákvörðun um þóknun vegna vinnu sinnar. Héraðsdómariinn ákvað þóknun með bréfi en lögmaðurinn gat ekki sætt sig við ákvörðunina og krafðist rökstudds úrskurðar um hana. Dómariinn hafnaði kröfunni á grundvelli þess að ekki væri lagaheimild fyrir að úrskurða um ákvörðunina. Lögmaðurinn mótmælti með tölvupósti sem dómariinn svaraði ekki skriflega en mun hafa hringt í lögmanninn og rætt málið við hann. Með bréfi til dómstóls viðkomandi dómara ítrekaði lögmaðurinn kröfu um að úrskurður yrði kveðinn upp um þóknunina. Þessu bréfi var ekki svarað. Lögmaðurinn taldi að með þessum athöfnum

hefði dómariinn hafnað að framkvæma dómsathöfn og með því komið í veg fyrir að unnt væri að leita endurskoðunar æðra dóms um ákvörðun.

Nefndin fjallaði fyrst um valdmörk sín og tók fram að ekki væri hægt að beina kvörtunum vegna dómsúrlausna dómara til nefndarinnar, enda næði valdsvið nefndarinnar ekki til endurskoðunar á efnislegri niðurstöðu dómara. Í þessu mál laut ágreiningurinn aftur á móti að höfnun á því að taka fyrir ágreining um þóknun og kveða upp úrskurð. Af því leiddi að ákvörðun dómars yrði ekki kærð til æðra dóms. Taldi nefndin því að tilefni væri til að fjalla um erindið.

### **Nefndin tók undir með lögmanninum**

Í efnislegri niðurstöðu nefndarinnar kom fram að samkvæmt lögum um meðferð sakamála væru úrskurðir héraðsdómara kærnanlegir ef þeir vörðuðu réttindi verjanda eða lögmanns sakbornings við rannsókn máls. Réttindi verjanda fælust m.a. í því að fá metna þóknun fyrir vinnu sína í þágu skjólstæðings. Þar sem ákvörðun væri ekki kærnanleg yrði að kveða upp úrskurð ef þess væri krafist og ágreiningsefnið væri í eðli sínu kærnanlegt. Nefndin rakti að í l. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008 segði að dómari ákvæði þóknun með bókun í þingbók eða skriflega á annan hátt. Eðli málsins samkvæmt yrði ákvæðið þó ekki túlkað þannig að það fæli í sér fyrir mæli um að svipta verjanda lögvörðum rétti til að kæra úrlausnarefni til æðra dóms. Nefndin taldi því óréttmætt af dómranum að neita því að framkvæma umbeðna dómsathöfn, þ.e. að taka fyrir ágreiningsefni sem væri kærnanlegt og kveða upp úrskurð um það. Taldi nefndin að með þessu hefði lögmaðurinn verið sviptur rétti sínum samkvæmt lögum um meðferð sakamála til þess að leita endurskoðunar á ákvarðaðri þóknun hans vegna verjandastarfa.

Nefndin lét ekki staðar numið og tók sérstaklega fram að hún teldi málið mikilvægt enda varðaði það grundvallar-réttindi lögmannna í réttarríki. Ekki væri deilt um efnislega niðurstöðu dómars heldur það að dómari hefði tekið ákvörðun sem svipti lögmanninn rétti sem hann naut samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Nefndin taldi fullt tilefni til þess að héraðsdómariinn og dómstóllinn endurskoðuðu hina umdeildu ákvörðun.

Að lokum fjallaði nefndin um viðbrögð dómstólsins við kröfu lögmannsins um uppkvæðingu úrskurðar. Dómstjóri mun hafa falið héraðsdómranum að svara kröfunni og var það gert með bréfi þar sem erindinu var hafnað með rökstuðningi. Í kjölfarið sendi lögmaðurinn tölvubréf til



dómars sem mun hafa verið svarað með símtali. Eftir það sendi lögmaðurinn ítrekaða kröfu til dómstólsins þar sem hann rökstuddi kröfuna frekar. Þessu erindi var hvorki svarað af dómstólnum né dómranum og var ekki minnst á hana í andsvari dómstólsins til nefndarinnar. Taldi nefndin þetta aðfinnsluvert.

### **Niðurstaðan varpar ljósi á galla í réttarfari**

Lögmennt hljóta að fagna framangreindri niðurstöðu nefndarinnar um skyldur dómara og dómstóls til að svara erindum lögmannna sem beint er til þeirra. Þá er sérstaklega mikilvægt að nefndin komst að afdráttarlausri niðurstöðu um skyldu dómara til þess að kveða upp úrskurð um ágreining sem er í eðli sínu kærnanlegur. Um leið varpar niðurstaðan ljósi á galla í réttarfari. Réttarfarslög gera ráð fyrir því að tiltekin atriði séu kærnanleg til æðri dóms og dómara beri að kveða upp rökstuddan úrskurð í slíkum málum, sé þess krafist. Aftur á móti getur dómari komið í veg fyrir kæru á úrlausnum sínum með því einu að neita að setja úrlausnina í búning úrskurðar. Í þessu samhengi er rétt að benda á að þrátt fyrir afdráttarlausni niðurstöðu nefndar um dómastörf í framangreindu máli þá fylgir ekki sögunni hvort lögmaðurinn fékk að lokum úrskurð um þóknun sína. Niðurstaða nefndarinnar er ekki bindandi og dómari hefur því þrátt fyrir niðurstöðuna enn í hendi sér hvort hann kveður upp úrskurð. Þó gera verði ráð fyrir því að dómari hafi farið að áliti nefndarinnar og kveðið upp úrskurð að lokum þá getur það ekki staðist að dómari geti komið í veg fyrir að mál sé í réttu horfi. Hafa verður í huga að það er sérstaklega tekið fram í forsendum nefndarinnar fyrir því að taka málið til umfjöllunar að niðurstaða dómars yrði ekki kærð til æðra dóms þar sem einungis væri um að ræða ákvörðun en ekki úrskurð. Þessi ályktun nefndarinnar á stoð í dómaframkvæmd þar sem æðri dómur hefur vísað frá kærum af þeirri einu ástæðu að hin kærða úrlausn var í formi ákvörðunar en



ekki úrskurðar. Má sem dæmi nefna Hrd. 695/2016 þar sem kærð var ákvörðun héraðsdóms um að fella mál niður að því er varðaði einn aðila. Í 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kemur fram að úrskurður um að mál verði fellt niður sæti kæru til Landsréttar (þá Hæstaréttar). Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði eftirfarandi:

„Sem áður greinir kvað héraðsdómari ekki upp úrskurð um að málið yrði fellt niður hvað varðar [einn aðila], heldur tók hann ákvörðun um það, sem færð var í þingbók, sbr. 3. mgr. 105 gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt ótvíræðu orðalagi í upphafi 1. mgr. 143. gr. laganna eru það eingöngu úrskurðir héraðsdómara um nánar tilgreind efni, sem geta sætt kæru til Hæstaréttar, en ekki ákvarðanir hans um þau. Brestur því heimild fyrir kæru sóknaraðila.“

Réttur til þess að kæra úrlausn héraðsdóms ræðst þannig ekki af því hvort málið sé í raun þess eðlis að það sé kærlegt heldur af þeim búningi sem dómari kýs að klæða niðurstöðuna í. Þessi aðstaða er verulega óheppileg svo ekki sé dýpra tekið í árinna. Að sjálfsögðu ætti eðli ágreiningsefnis að ráða því hvort ákvörðun sé kærleg en ekki geðþóttaákvörðun dómara um að kveða upp ákvörðun í stað úrskurðar. Með því einu að kalla úrlausn ranglega ákvörðun getur dómari þannig í reynd breytt réttarfarslögum. Réttari nálgun væri að miða við raunverulegt efni úrlausnar þannig að æðri dómur myndi taka við og fjalla um kæru á álitaefni sem í eðli sínu er kærleg, burtséð frá því hvað dómari kallar úrlausn sína.

Daníel Isebarn Ágústsson.

# NÁMSSJÓÐUR LMFÍ

## STYRKIR FRÆÐASKRIF

Stjórn námssjóðs LMFÍ ákvað í sumar að styrkja höfunda fræðiritsins Eignaréttur II um kr. 1.200.000,- gegn því að höfundar kenni, eða útvegi kennara, á námskeiðum félagsins um efnið næstu misseri. Þetta er í fyrsta skipti sem námssjóður styrkir samningu fræðirits með þessum hætti en vænta má að fleiri sambærilegir styrkir verði veittir í framtíðinni.

Námssjóður LMFÍ sinnir fræðslu- og endurmenntunarmálum lögmannna en samkvæmt skipulagsskrá er heimilt að veita fé úr sjóðnum til annarra verkefna sem stuðla að aukinni menntun lögmannna ef sérstakar ástæður eru til að mati stjórnar. Stefnt er að því að veita styrki til lögfræðilegra rannsókna eða útgáfu fræðirita en á móti muni styrkþegar halda námskeið um efnið á vegum félagsins og hagnaður af þeim rennur aftur í námssjóð að hluta til. Þannig munu fjármunir sjóðsins nýtast til fræðaskrifa á þeim sviðum sem koma sér vel fyrir lögmannastéttina og félagsmenn geta síðan sótt námskeið um efnið.

### Bókasafn fortíðar

Á síðustu áratugum 20. aldar gaf námssjóður út nokkrar bækur. Síðan þá hefur sjóðurinn einbeitt sér að því að styðja við bókasafn LMFÍ en þar sem sífellt færri nýta sér safnið hefur nú verið ákveðið að hætta kaupum á bókum og áskriftum að rafrænum gagnasöfnum. Enn um sinn verður þó safnið á sínum stað og leitarhæft á [www.leitir.is](http://www.leitir.is). Þeir sem hafa áhuga á því að sækja um styrk geta sent erindi á [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)

EI



Undirritun samningsins fór fram í Lögmannafélaginu 1. september síðastliðinn. F.v. Berglind Svavarsdóttir formaður LMFÍ, Reimar Pétursson formaður stjórnar námssjóðs, Víðir Smári Petersen lögmaður og Karl Axelsson hæstaréttardómari en þeir tveir síðastnefndu eru höfundar bókarinnar Eignaréttur II ásamt Þorgeiri Örlygssyni hæstaréttardómara.

### VINNUREGLUR STJÓRNAR NÁMSSJÓÐS

Samkvæmt 2. gr. skipulagsskrár námssjóðs Lögmannafélags Íslands er hlutverk sjóðsins meðal annars að sinna fræðslu- og endurmenntunarmálum lögmannna í því skyni að auka hagnýta og fræðilega þekkingu þeirra á hinum ýmsu sviðum lögfræðinnar. Auk þess er heimilt að veita fé úr sjóðnum til annarra verkefna sem stuðla að aukinni menntun lögmannna, ef sérstakar ástæður eru til að mati sjóðsstjórnar. Stjórnin geti í því skyni styrkt lögfræðilegar rannsóknir og hefur eftirfarandi atriði í huga við veitingu styrkja:

1. Að um sé að ræða höfundaverk sem er verulegt að umfangi, með ótvírætt fræðilegt gildi og nýtist í daglegum störfum lögmannna.
2. Að höfundur/höfundar verði með námskeið á vegum LMFÍ í tengslum við höfundaverkið og veiti félaginu einkarétt á þeim í ákveðinn tíma.
3. Að umsækjendur sendi verk-, og kostnaðaráætlun með umsókn.
4. Eitt af þeim atriðum sem horft verður til er að verkefni séu komin af stað við veitingu styrks.
5. Ef verk hefur ekki komið út innan þriggja ára eftir ætluð verklok, og námskeið um efni þess hafa ekki verið haldin, þá getur sjóðurinn farið fram á endurgreiðslu styrksins.
6. Ekki er tekið við styrkbeiðnum vegna verkefna sem tengjast grunn- eða meistaranámi í lögfræði.
7. Höfundur og námssjóður gera skriflegan samning sín á milli.

Stjórn námssjóðs samþykkti þessar reglur á fundi 19. maí sl.





Alls 36 tóku þátt í göngunni, sá elsti 79 ára og yngsti 4 ára. Á myndina vantar Helga Jóhannesson en hann tók flestar myndirnar.

# FOSSA- GANGA 2020

Í byrjun júní stóð félagsdeild LMFÍ fyrir göngu niður með Fossá í Þjórsárdal fyrir lögmennt og fjölskyldur þeirra.

Þátttakendur komu sér sjálfir að Stöng þar sem rúta beið og ók með hópinn upp að barmi Háafoss sem er 122 metra hár og þriðji hæsti foss landsins, á eftir Glymi og Hengifossi. Þá stendur Granni við hlið Háafoss og ber nafn með rentu, bæði góður granni og grannur eftir því. Hópurinn gekk síðan niður með Fossá, alls 8 km leið, og að því loknu fóru þeir sem enn áttu til þrek í hina ævintýrlega Gjá. Gjáin er hamrakvos þar sem Rauða fellur niður í Gjáfossi og er einstök náttúrusmíð. Óvíða á landi hér er hægt að sjá



Helgi Jóhannesson lögmaður var fararstjóri ferðarinnar en hér er hann í Gjánni með Þórnýju sinni Jónsdóttur.



slíkt samspil vatns, gróðurs og stuðlabergsmyndana á jafn litlu svæði.

Þess má geta að Þjórsárdalur var grösug og búszeldarleg sveit á fyrstu öldum Íslandsbyggðar en árið 1104 gaus Hekla og vikurfall eyddi byggð í dalnum.

Eins og myndirnar bera með sér var veðrið dásamlegt, félagsskapurinn skemmtilegur og foldin fögur sem fyrr. Punkturinn yfir i-ið var síðan að skoða Hjálparfoss á heimleiðinni. Helgi Jóhannesson lögmaður og göngugarpur var fararstjóri en hann tók jafnframt flestar myndirnar.



Nestispásur eru skemmtilegastar í gönguferðum, um það eru flestir sammála. Hér situr hluti hópsins á mjúku undirlagi mosa og lyngs.



F.v. Jóni Jónsdóttir, Davíð Guðmundsson, Carmen Sara Davíðsdóttir, Sandra D. Árnadóttir og Helena María Davíðsdóttir. Fremstur er Freyr Lárusson.



Svo bar við að sérstök öldungadeild var stofnuð í ferðinni þar sem skemmtisögur voru sagðar í alls átta kílómetra. Hér er deildin á ferð ásamt fylgiskum. F.v. Lárus Páll Ólafsson, Elsa Björk Valsdóttir, Ólafur Ragnarsson, Eyrún Ingadóttir og Hörður Helgi Helgason.



Margrét og Brynja Gunnlaugsdætur láta fara vel um sig í grænni lautu.



Guðríður Þorsteinsdóttir (t.v.) og Hrafnhildur Stefánsdóttir með Háafoss á milli sín.

# LMFÍ FER FRAM Á AÐ REGLUR VERÐI SETTAR UM FRAMKVÆMD HÚSLEITA Á LÖGMANNSSTOFUM

Á undanförnum árum hafa komið upp nokkur tilvik þar sem framkvæmdar hafa verið húsleitir á lögmannsstofum í tengslum við rannsókn sakamála, þar sem gögn hafa verið haldlögð í stórum stíl og harðir diskar vinnutólva lögmannna „speglaðir“. Ljóst er að haldlagning gagna í vörslu lögmannna, sér í lagi upplýsinga sem teknar eru af hörðum diskum tölva lögmannna, getur verið mjög varasöm og gengið nærri þeirri ríku trúnaðarskyldu sem gildir á milli lögmannna og skjólstæðinga þeirra. Á þetta sérstaklega við í þeim tilvikum þegar upplýsingar varða aðra skjólstæðinga lögmanns, en þann sem rannsókn máls beinist að, er að finna í hinum haldlögðu gögnum enda getur slík haldlagning brotið gegn ákvæði 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

## Tillögur að reglum

Á árinu 2018 sendi Lögmannafélagið þáverandi dómsmálaráðherra bréf þar sem þess var farið á leit við ráðherrann að hann fæli réttarfarsnefnd að stilla upp tillögu að reglum um framkvæmd húsleita á lögmannsstofum. Í framhaldi af erindinu áttu fulltrúar félagsins fund með réttarfarsnefnd þar sem samþykkt var að félagið stillti

upp rökstuddum tillögum að reglum og sendi nefndinni. Í framhaldinu fól stjórn Lögmannafélagsins laganefnd að stilla upp tillögudrögum og lágu þau fyrir á vordögum 2019. Til stóð að kynna dómsmálaráðuneytinu umræddar tillögur með tillögum að heildarendurskoðun lögmannalaga nr. 77/1998, en af því varð hins vegar ekki.

## Lögmanni dæmdar miskabætur vegna þvingunar-ráðstafana

Nýlega kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm þar sem lögmanni voru dæmdar miskabætur vegna þvingunar-ráðstafana sem hann var látinn sæta af hálfu lögreglu vegna gruns um aðild að auðgunarbroti skjólstæðings, en málið var síðar látið niður falla gagnvart lögmanninum. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem fyrir liggur að ekki verður áfrýjað, segir m.a. í tengslum við húsleit sem framkvæmd var á lögmannsstofu og heimili lögmannsins í tengslum við rannsókn málsins:

„Fyrir liggur að sú regla sem lögfest er í 22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt, og sú sérstaka trúnaðarskylda sem fylgir starfi þeirra gagnvart skjólstæðingum sínum,



er ein af undirstöðum réttarríkisins og horfir einkum til réttaröryggis almennings. Þá virðist af gögnum málsins mega ráða að á meðal þess sem haldlagt hafi verið við húsleitina á starfstöð stefnanda hafi verið gögn sem fjallað er sérstaklega um í 2. málslið 1. mgr. 68. gr. laga nr. 88/2008, og sem óheimilt telst að leggja hald á. Varpar framangreind atburðarás þó einkum ljósi á það að réttarumgjörð hérlendis kunní að vera áfátt varðandi lögmenn í slíkri aðstöðu sem stefnandi og rannsakendur stóðu hér frammi fyrir. En Mannréttindadómstóll Evrópu virðist samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur er hérlendis með lögum nr. 62/1994, áskilja aðkomu hlutlauss rannsakanda þegar haldlögð eru viðkvæm gögn hjá lögmönnum, ásamt öðru, sbr. einkum dóm dómstólsins í málinu nr. 50882/99 frá 27. september 2005 (Sallinen o.fl. gegn Finnlandi) sem rakið er í framangreindum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. júlí 2016. Í því máli sem hér um ræðir, og sem snýr að bótakröfum stefnanda, þá er það því mat dómsins að framkvæmd húsleitarinnar, 29. febrúar 2016, og þá einkum ótakmörkuð haldlagning á trúnaðargögnum stefnanda sem lögmanns á starfstöð hans, hafi samkvæmt framangreindu ótvírætt falið í sér sérlega íþyngjandi ráðstöfun fyrir hann og þá ekki síst gagnvart samstarfsfólki, skjólstæðingum, sem og fjölskyldu hans, og sú framkvæmd verið til þess fallin að fela í sér verulegan miska fyrir stefnanda.“

Niðurstaða héraðsdóms rímar við vel tillögur sem laganefnd Lögmannafélagsins vann á árinu 2019 og í fullu samræmi við niðurstöðu Eiríks Tómassonar fyrrverandi hæstaréttardómara í grein hans sem birtist í 2. tbl. Úlfjós 2011. Þar kemur m.a. fram að í lögum, eða lagaframkvæmd

aðildarríkja mannréttindasáttmála Evrópu, verði að vera fyrir hendi viðeigandi úrræði til að tryggja að ekki sé brotið á trúnaði lögmanns gagnvart skjólstæðingum sínum við framkvæmd húsleitar og haldlagningar á gögnum í hans vörslu. Eiríkur bendir á að eitt af þeim úrræðum sem til álita komi sé að kveðja til óháðan eftirlitsmann sem hefði það hlutverk að sjá til þess að ekki verði lagt hald á gögn sem bann við haldlagningu tekur til. Þá sé nauðsynlegt að dómari leggi mat á það hvort upplýsingar sem gögnin hafa að geyma séu þess eðlis að þau falli undir b. eða d. liði 2. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 119. gr. laga nr. 88/2008. Í grein Eiríks er svo að finna hugmynd að nánari útfærslu á framkvæmdinni við matið og úrlausn ágreiningsefna varðandi það.

### Farið fram á lagabreytingar

Stjórn Lögmannafélagsins hefur nú ritað dómsmálaráðherra bréf þar sem bent er á mikilvægi þess að sem fyrst verði ráðist í breytingar á lögum þannig að tryggt verði að sá réttur skjólstæðinga lögmanna sem grundvallast á trúnaðarskylduákvæði lögmannaalaga, ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu, verði virtur í raun. Með erindi félagsins fylgdu tillögur laganefndar í formi draga að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála og á lögum um lögmenn nr. 77/1998, ásamt greingerð. Þá er ráðherra hvattur til að fela réttarfarsnefnd útfærslu á tillögum félagsins.

## II

## *Lúðvík Emil Kaaber*

*Lögfræðingur og löggiltur skjalapýðandi í íslensku og ensku*

*Klukkulandi, 471 Þingeyri*

*Löng reynsla af þýðingum á réttarskjölum, samningum og greinargerðum fyrir lögmenn, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmannstörfum.*

*Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is*



Síðasta vetur settust félagar í öldungadeild Lögfræðingafélags Íslands niður í betri stofunni í Gunnarshúsi á Dyngjuvegi 8, Reykjavík, og sögðu sögu af lögfræðingum.

# SÖGUR AF JÓNI E. RAGNARSSYNI



## **Jón E. Ragnarsson kennir heimsmeistara mannganginn**

Einu sinni dvaldi Jón E. Ragnarsson á Spáni yfir jólin. Hann sat mikið í anddyrinu og tefldi við annan gest en þegar hann var farinn horfði annar gestur áhugasamur á skákborðið. Jón bauð honum að tefla við sig og þar sem honum fannst hann eitthvað hikandi þá sýndi hann honum mannganginn. Svo kynntu þeir sig og þegar hinn sagðist heita Hübner frá Þýskalandi þá gerði hann sér grein fyrir því að hann hafði verið að kenna einum kunnasta skákmanni heims mannganginn!

## **Sigurður er ágætur maður**

Jón E. Ragnarsson fór alltaf fögrum orðum um kunningja sína og vini en Sigurður Georgsson var einmitt góður vinur hans. Einhvern tímann sagði Jón:

-Sigurður er ágætur maður en hann getur ekki fengið sér pylsu án þess að stofna til ágreinings við pylsusalann!

## **Fæðingartími gefinn upp**

Jón E. Ragnarsson var fæddur 24. desember 1936 eins og Jesúbarnið. Sumarið 1956 var hann staddur í Bandaríkjum og leitaði inngöngu í einhvern klúbb þar sem var 20 ára aldurstakmark. Jón var ekki búinn að ná þeim aldri og í nafnskírteininu stóð 24.12.1936. Hann framvísaði skírteininu og dyravörðurinn var harður á því að hann færi ekki inn. Jón fór afsíðis, tók upp penna og setti punkt á milli talanna 2 og 4. Svo fór hann aftur og passaði sig á því að lenda ekki á sama dyraverði.

-What is this? spurði dyravörðurinn og horfði á töluna 12 sem virtist ekki hafa neina þýðingu.

Þá svaraði Jón:

-This is 12 O'Clock.

### Gangandi síðasta spölinn

Jón E. Ragnarsson var eitt sinn í málaferlum þar sem Sigurður Ólafsson gætti hagsmuna mótherjans. Þeir ákváðu að verða samferða á Suðurland, þar sem málaferlin fóru fram, og ók Sigurður. Jón lýsti ferðinni þannig að Sigurður hefði haft mjög sérkennilegar umferðarreglur í heiðri því hann hefði augljóslega talið að hvíta strikið á veginum ætti að vera undir miðjum bílnum. Þegar þeir náguðust áfangastað þá stoppaði Sigurður og bað Jón um að fara út og koma gangandi restina því hann taldi það ekki falla í góðan jarðveg hjá skjólstæðingi sínum ef að hann kæmi á staðinn og sjálfur óvinurinn sæti við hliðina á honum. Og það þurfti Jón að gera, koma gangandi síðasta spölinn!

### Fulltrúi ræður sig í vinnu í partyi

Haustið 1977 var nýútskrifuðum konum í lögfræði boðið af starfandi konum í stétt lögfræðinga til Svölu Thorlacius. Það var bæði gaman og vel veitt en þegar leið á kvöldið birtist Gylfi, eiginmaður Svölu, ásamt hópi lögfræðinga sem voru að koma úr veislu. Í hópnum var meðal annars Jón E. Ragnarsson og Lára V. Júlíusdóttir fór að spjalla við hann. Á þessum tíma var hún með lítið barn og að kenna í Verslunarskólanum en hafði áhuga á því að ráða sig á lögmannsstofu hálfan daginn. Það varð úr að Lára réði sig til Jóns þarna um kvöldið og var ákveðið að hún myndi byrja stundvíslega klukkan eitt mánudeginum. Lára fór hin glaðasta heim og mætti svo stundvíslega á Túngötuna eftir helgina. Þar sat Jón E. við stóra skrifborðið sitt og kannaðist greinilega ekkert við hana.

Lára heilsaði og sagði:

-Ég er mætt!

-Já, jú, og bíddu við..., svaraði Jón.

-Manstu ekki, við hittumst á föstudaginn og þú sagðir mér að mæta til vinnu í dag?

Og þá rifjaðist þetta upp fyrir honum. Hann fór með Lára inn á kaffistofu þar sem var lítið skrifborð úti í horni og ritvél. Lára var síðan fulltrúi hjá Jóni E. í fimm ár.

### Skreyti

Eitt sinn sendi Jón E. Ragnarsson þetta skeyti:

#### Enver Hoxa

The Republic of Albania

Due to disput, you are urgently needed at Frakkastígur 12, gengið inn Grettisgötumegin.

### Flaska fyrir jólin

Jón E. Ragnarsson og Jón Oddsson tókust eitt sinn á um kröfur í einkamáli. Rétt fyrir jól var málið flutt og sagði Jón Oddsson við skjólstæðing sinn eftir ræðuna að þetta liti nú ekki vel út. Skjólstæðingurinn kom til hans og spurði hvort það myndi eitthvað liðka fyrir málinu ef hann sendi sherryflösku og konfektkassa til dómans fyrir jól. Jón Oddsson horfir á skjólstæðing sinn og sagði:

Ertu vitlaus maður, veistu hvernig því gæti verið tekið?


Svo líða jólin og það kom dómur sem var mannum mjög að skapi. Þá sagði skjólstæðingurinn við Jón Oddsson:

-Ég sagði þér að það borgaði sig að senda dómranum gjöf fyrir jólin!

-Sendir þú virkilega dómranum gjöf fyrir jólin? spurði Jón hissa.

-Já, í nafni Jóns E. Ragnarssonar.

Eyrún Ingadóttir tók saman



FORVINNSLA PRENTUN FRÁGANUR

**Litla & prent**



# HVAÐ LÍÐUR TÆKNIVÆÐINGU DÓMSTÓLANNA?

Á SÍÐASTA ÁRI HÓFU STJÓRNVÖLD AÐ BÆTA TÆKNILEGAN AÐBÚNAÐ DÓMSTÓLANNA OG MEÐAL ANNARS VAR NÝTT MÁLASKRÁRKERFI TEKIÐ Í NOTKUN SEM VERÐUR GRUNNUR AÐ RAFRÆNNI MÁLSMEÐFERÐ Í FRAMTÍÐINNI. NÚ FLÆÐA GÖGN RAFRÆNT Á MILLI HÉRAÐSDÓMSTÓLANNA OG LANDSRÉTTAR EN LÖGMANNABLAÐIÐ ATHUGAÐI HVAD TÆKNIVÆÐINGU DÓMSTÓLANNA LIÐI AÐ ÖÐRU LEYTI OG RÆDDI VIÐ SÍMON SIGVALDASON DÓMSTJÓRA OG INGIBJÖRGU ÞORSTEINSDÓTTUR HÉRAÐSDÓMARA VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJAVÍKUR.

## Rafræn sending gagna

Vísir að svokallaðri réttarvörslugátt var opnaður sumarið 2019 þar sem skila má gögnum til dómstóla með öruggum rafrænum hætti í gegnum kerfið „signed transfer“. Að sögn Símonar Sigvaldasonar var byrjað á því að senda gögn í gegnum kerfið frá lögreglu til héraðsdómstólanna: „Fljótlega bættist saksóknaraembættið við og síðan hafa öll

gögn milli dómstóla, lögreglu og saksóknara verið send með þessum hætti. Í framhaldinu var samið um það við ráðuneytið að notast við þessa gátt til að senda eða fá send viðkvæm gögn í einkamálum og eins til að koma gögnum til sérfróðra meðdómenda. Nú er hins vegar byrjað á því að koma réttarvörslugáttinni í gegnum Island.is vefinn en það verkefni er á vegum stjórnvalda,“ sagði Símon.

## Spennandi tilraunatímar

Þann 1. október næstkomandi hefst tilraun með að senda gæsluvarðhaldsbeiðnir rafrænt á milli lögreglu og Héraðsdóms Reykjavíkur. Símon sagðist mjög spenntur fyrir þessu verkefni: „Í einn mánuð munu tveir dómara og tveir dómritara við Héraðsdóm Reykjavíkur sinna gæsluvarðhaldsúrskurðunum og vera í stöðugu sambandi við þá sem eru að smíða kerfið en mikilvægast er að öll kerfin, hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum, „tali saman“. Svo þarf að breyta gæsluvarðhaldsúrskurðunum en í dag taka dómara kröfuna frá lögreglu og hafa sem hluta af málsástæðum áður en þeir semja niðurstöðukaflann. Hugmyndin er að lýsing ákærvaldsins, um hvað hinn grunaði hafi brotið af sér, standi eins og hún kom en niðurstaðan verði það eina sem komi frá dómara. Athugun hefur farið fram á þessu í réttarfarsnefnd og allir eru sammála um að þetta gangi án lagabreytingar.“





*Mun þetta leiða af sér tímasparnað?*

„Já, það er örugglega stærsti þátturinn þar sem ekki þarf að slá inn upplýsingarnar aftur. Ef allt gengur síðan upp með gæsluvarðhaldsbeiðnirnar þá bætast önnur rannsóknarmál við s.s. húsleitir og handtökur, lögræðismálin ... hver málaflokkurinn á fætur öðrum mun bætast við. Svo endum við á sakamálunum og einkamálunum. Þetta er mjög spennandi og allir eru mjög áhugasamir,“ sagði Símon.

### **Fjarfundabúnaður í fyrirtökum**

Í kjölfar Covid jókst notkun fjarfundabúnaðar í fyrirtökum dómsmála. Ingibjörg Þorsteinsdóttir sagðist helst nýta Teams í millifyrirtökur og undirbúning aðalmeðferðar eða ræða við lögmenn í gegnum síma: „Út frá öryggissjónarmiðum er ekkert því til fyrirstöðu að nota Teams enda eru fyrirtökur opnar í flestum málum. Kostir þess að nýta fjarfundabúnað í fyrirtökum eru margvíslegir og snúa fyrst og fremst að skilvirkni og gæðum. Með þessum hætti sparast talsverður tími, bæði hjá dómara og lögmönnum sem unnt er að nýta til raunverulegrar úrvinnslu málsins. Svo hafa lögmenn sem starfa á landsbyggðinni lýst ánægju með þetta fyrirkomulag, enda mun árangursríkara að þeir sjálfir séu viðstaddir fyrirtöku mála í stað þess að senda lögmenn fyrir sig sem er kannski ekkert inn í málinu. Í raun er ekkert því til fyrirstöðu að vera með allt nema aðalmeðferð í fjarfundi enda eru gögn ýmist send með tölvupósti eða í gegnum réttarvörslugáttina,“ sagði Ingibjörg.

Símon sagði að dómara hefðu verið hvattir til að nýta sér tæknina en það væri þó misjafnt í hve miklum mæli þeir gerðu það. Þótt að skjáir séu komnir upp í flestum dómsölum þá eru þeir enn sem komið er eingöngu notaðir til að varpa upp skjölum en ekki er búið að tengja hugbúnað og hefja rafræna málsmeðferð úr sal eða taka skýrslur af vitnum í gegnum hljóð og mynd. Ástæðan að sögn Símonar er sú að sá hágæða hug- og tæknibúnaður, sem uppfyllir öll öryggissjónarmið, er dýr og verið er að athuga hvort hann sé útboðsskyldur. „Við erum þó með fjarfundabúnað í dómsal 103 í Héraðsdómi Reykjavíkur sem tengist fangelsunum á Hólmsheiði og Litla-Hrauni og er notaður til að taka skýrslur af mönnum og framlengja gæsluvarðhald svo ekki þurfi að flytja fanga á milli. Dómstólasýslan er síðan að láta setja upp búnað í sal hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Landsrétti í tilraunaskyni en hann þarf að „tala saman“ við upptökukerfið okkar svo ekki verði réttarspjöll,“ sagði Símon að lokum.



INGIBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR



SÍMON SIGVALDASON

# COVID RÉTTARFAR: BRÁÐABIRGÐAHEIMILDIR UM RAFRÆNA MEÐFERÐ DÓMSMÁLA

Alþingi samþykkti hinn 30. apríl sl. lög nr. 32/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að heimila framlengingu fresta og rafræna meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl. Fyrirgreind lög voru sett samkvæmt því sem kemur fram í almennum athugasemdum í greinargerð til þess að breyta ákvæðum ýmissa laga til þess að bregðast við þeirri óvissu í samfélaginu sem heimsfaraldur kórónaveiru hefði í för með sér<sup>1</sup>

Með ákvæðum breytingalaganna er í *fyrsta lagi* að finna ákvæði sem breyta ákvæðum ýmissa laga til þess að heimila rafræna meðferð mála á stjórnisýslustigi. Í *öðru lagi* hafa ákvæði þeirra að geyma ný bráðabirgðaákvæði við lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem umfangsmesta breytingin er sú að málsmeðferð fyrir dómi megi fara fram með fjarfundarbúnaði og að framlagning sönnunargagna geti farið fram með rafrænum hætti.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna kveða á um bráðabirgðaheimild fram til 1. október 2020 til þess í *fyrsta lagi* að lögregla megi taka skýrslu af sakborningi og vitnum á rannsóknarstigi við rannsókn sakamála á fjarfundi. Í *öðru lagi* er í 3. mgr. ákvæðisins að finna heimild fyrir dómara að ákveða fram til 1. október 2020 að aðalmeðferð og önnur þinghöld þ.m.t. skýrslugjöf sakbornings, ákærðu og vitna fari fram á á fjarfundi, enda verði þinghaldi háttað þannig að allir viðkomandi aðilar heyrir þau orðaskipti sem fara fram. Þetta skuli teljast fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila en þó er gert að skilyrði að skýrslugjöf ákærða, sakbornings og lykilvitna skuli fara fram á fjarfundi með hljóð og mynd.

Í ákvæði 4. mgr. ákvæðisins er að finna heimild fyrir rafræna framlagningu skjala og sýnilegra sönnunargagna fram til 1. október 2020, enda verði dómstól sendur í pósti án ástæðulauss dráttar tilskilinn fjöldi eintaka skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna. Þá er málsaðila skylt að afhenda gagnaðila samtímis og með sama hætti skjöl og sýnileg sönnunargögn sem þannig eru afhent dómstól.

Ákvæði 6. gr. laganna hefur að geyma samsvarandi heimild fyrir rafrænni málsmeðferð og framlagningu skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna við meðferð einkamála en þó er viss munur þar á.

Í 2. mgr. ákvæðisins er heimilt að aðalmeðferð og þinghöld einkamála annarra en þingfesting almennra einkamála fari fram á fjarfundi og þá er kveðið á um það að skýrslur af málsaðilum á vitnum og málsaðilum skuli fara fram á fjarfundi með mynd og hljóði ef þess er kostur.

Í 4. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að heimild til þess að viðhafa rafræna málsmeðferð og framlagningu skjala taki til meðferða þeirra einkamála sem rekin eru fyrir dómstólum samkvæmt heimild í öðrum lögum að því leyti sem þar er

<sup>1</sup> Þau lög, sem breytt var með ákvæðum fyrrnefndra laga nr. 32/2002 heyra undir málefnavið dómsmálaráðuneytisins utan ein

vísað til ákvæða um þinghöld og sönnunarfærslu í lögum um meðferð einkamála.

### **Milliliðalaus málsmeðferð**

Fyrirgreindar bráðabirgðaheimildir hafa því að geyma heimildir fyrir dómstóla til þess að gera grundvallar-breytingar á þeirri framkvæmd í réttarfari að skýrslur og sönnunargögn skuli færð að jafnaði fram fyrir þeim dómara sem fer með málið. Í lögum um meðferð sakamála og einkamála hefur, svo sem kunnugt er, verið að finna heimildir til þess að taka símaskýrslur af öðrum en lykilvitnum við meðferð mála fyrir dómi ef vitni er statt fjarri þingstað eða sérstakt óhagræði væri fyrir það að koma fyrir dóm. Er heimild um þetta að finna í ákvæði 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð sakamála en heimildinni má ekki beita ef ætla má að úrslit máls ráðist af framburði vitnis. Í ákvæði 4. mgr. 51. gr. laga um meðferð einkamála er að finna heimild til þess að taka skýrslu af vitni í gegnum síma eða annan fjarfundarbúnað ef það er fjarverandi eða á erfitt með að koma á þingstað.

Meginreglan um *milliliðalaus málsmeðferð* er ein af grunnreglum sakamálaréttarfars sbr. og ákvæði 1. mgr. 111. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 112. gr. laga um meðferð sakamála og er *milliliðalaus sönnunarfærsla* jafnframt hluti fyrrnefndrar reglu.

Meginregluna leiðir af ákvæði 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sbr. ákvæði d-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE þar sem kveðið er á um að hver sá sem sakaður er um refsiverða háttsemi skuli eiga rétt á því að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum og séð skuli að vitni sem bera viðkomandi í vil komi fyrir dóm og séu spurð með sama hætti og vitni sem leidd eru gegn viðkomandi (sjá og : Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, Reykjavík 2009 bls. 1-34).).

Að sama skapi er meginreglan um milliliðalaus málsmeðferð ein af grunnreglum einkamálaréttarfars sbr. og ákvæði 1. mgr. 47. gr. laga um meðferð einkamála. Þótt þessa meginreglu einkamálaréttarfars leiði jafnframt af ákvæði stjórnarskrár og 1. mgr. 6. gr. MSE er hins vegar almennt unnt að gera frekari undantekningar á henni sem ekki verður hins vegar fjallað hér nánar um.

Þær grundvallarbreytingar á málsmeðferð sem fyrrnefndar heimildir í lögum nr. 32/2020 kveða á um vekja hins vegar upp spurningar um það hvort að rafræn meðferð dómsmála og sönnunarfærsla samrýmist kröfunum um

réttláta málsmeðferð sem ákvæði 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. MSE kveða á um.

### **Dómaframkvæmd MDE**

Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu er að finna áhugaverða dóma þar sem reynt hefur á skýrslugjöf í gegnum fjarfundarbúnað eða þar sem sakborningar eða málsaðilar hafa verið viðstaddir réttarhöld í gegnum slíkan búnað. Hér á eftir verða dæmi úr fyrrnefndri framkvæmd reifuð stuttlega til þess að varpa nánari ljósi á beitingu samsvarandi heimilda.

Hér er hins vegar áréttað að hér er hvorki um tæmandi úttekt á dómaframkvæmd um að ræða eða öll þau álitæfni reifuð sem heimildir um rafræna meðferð dómsmála gefur tilefni til.

Í ákvörðun í máli *Golubev gegn Rússlandi* frá árinu 2006 þar sem ákærði hafði tekið þátt í málflutningi fyrir Hæstarétti Rússlands í gegnum fjarfundarbúnað tók Mannréttindadómstóllinn fram að þótt persónuleg viðvera ákærða í dómsal væri afar ákjósanleg væri hún ekki markmið í sjálfu sér heldur væri hún til þess fallin að tryggja réttlæti málsmeðferðarinnar. Í því máli sem um væri að að ræða benti ekkert annað til þess en að ákærði hefði getað komið við málsmeðferðina athugasemdum sínum munnlega að og lagt fram spurningar til þátttakenda.

Í máli *Marcello Viola gegn Ítalíu* frá árinu 2006 tók Mannréttindadómstóllinn fram að þótt þátttaka ákærða í réttarhöldum í gegnum fjarfundarbúnaði í mynd sé sem slík ekki í andstöðu við mannréttindasáttmála Evrópu væri það nauðsynlegt fyrir dómstólinn að tryggja að beiting slíkrar heimildar í hverju máli þjónaði lögmætu markmiði og ráðstafanir sem væru til staðar við skýrslugjöf á öðrum stað en þar sem sakborningur væri viðstaddur væru samþýðanlegar kröfum um réttláta málsmeðferð sem leiddu af ákvæði 6. gr. MSE.

Í máli *Zhucovsky gegn Úkraínu* frá árinu 2011, hafði sakborningur verið sakfelldur fyrir manndráp á grundvelli framburðar vitna sem bjuggu í Rússlandi og sem ekki tókst að leiða fyrir dóminn vegna ýmissa vandkvæða tók Mannréttindadómstóllinn fram að nútímatækni – eins og fjarfundarbúnaður í mynd – hefði getað boðið upp á gagnvirkan máta til þess að yfirheyra vitni sem væru stödd erlendis.

Í máli *Ahorugeze gegn Svíþjóð* frá árinu 2011 áréttaði Mannréttindadómstóllinn að vitnisburður vitna sem stödd



væru erlendis í gegnum fjarfundarbúnað í mynd væri sem slíkur í samræmi við ákvæði 6. gr. MSE (sbr. ákvarðanir í málum *Kabwe og Chungu gegn Bretlandi*) og þar eð vitnisburðurinn hefði verið gefinn í samræmi við heimild í löggjöf bryti hann ekki sem slíkur gegn jafnræði málsaðila.

Samandregið verður almennt ályktað af fyrrnefndri málsmeðferð Mannréttindadómstólsins að í *fyrsta lagi* þurfi ákvæði um skýrslugjöf eða viðveru málsaðila þurfi að vera samkvæmt lagaheimild að innlendum rétti. Í *öðru lagi* verði ákvörðun um að nýta sér fjarfundarbúnað að þjóna lögmætu markmiði. Í *þriðja lagi* verði að tryggja að málsaðilar eigi í málsmeðferð sem fer fram í gegnum fjarfundarbúnað að eiga raunhæfan möguleika á því að taka þátt í málsmeðferðinni sem slíkri þ.m.t. að sakborningar geti almennt ráðfært sig við lögmann í trúnaði og að þeir geti komið munnlegum athugasemdum að varðandi málsmeðferðina og lagt spurningar fyrir vitni. Í *fjórða lagi* að sá búnaður sem sé notaður sé áreiðanlegur og ekki séu tæknileg vandkvæði við notkun hans.

### Ástæða til að kveða á um varanlega heimild til rafrænnar málsmeðferðar?

Ekki verður annað ráðið hér en að bráðabirgðaákvæði við ákvæði laga um meðferð sakamála og einkamála um

heimild til þess að notast við rafræna málsmeðferð – að því gefnu að aðstæður í þjóðfélaginu vegna faraldar kórónuveiru séu með þeim hætti að óhægt sé um vik að viðhafa hefðbundna málsmeðferð – samþýðist sjónarmiðum Mannréttindadómstólsins. Að öðru leyti verður jafnframt ályktað almennt að ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 32/2020 uppfylli þær kröfur sem leiðir af áðurnefndri dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins að því gefnu að búnaður, áreiðanleiki hans og aðstæður aðrar séu til samræmis við fyrrnefndar kröfur og meginregluna um réttláta málsmeðferð.

Hins vegar vekja ákvæði 5. og 6. gr. bráðabirgðalaganna upp spurningar um það hvort ástæða væri til þess að kveða á um varanlega um heimild til þess að nýta sér frekar rafræna málsmeðferð við meðferð mála fyrir dómi.

Án þess að farið verði hér frekar út í þá sálma gæti rafræn málsmeðferð verið til þess fallin í mörgum tilfellum til þess að auka skilvirkni við rekstur slíkra mála til mikilla muna og því full ástæða til þess að kanna frekar hvort ástæða sé til þess að kveða á um varanlegar heimildir að lögum.

Ari Karlsson



**juris**

Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími 580 4400  
www.juris.is

Andri Árnason, lögmaður  
Andri Andrason, lögmaður, LL.M.  
Bjarni Aðalgeirsson, lögmaður  
Dr. Finnur Magnússon, lögmaður, LL.M.  
Edda Andradóttir, lögmaður, LL.M.  
Halldór Jónsson, lögmaður  
Lárus L. Blöndal, lögmaður  
Sigurbjörn Magnússon, lögmaður  
Simon David Knight, lögmaður  
Stefán A. Svansson, lögmaður, LL.M.  
Vífill Harðarson, lögmaður, LL.M.

Hildur Þórarinsdóttir, lögmaður  
Hólmfríður Björk Sigurðardóttir, lögmaður  
Jenny Harðardóttir, lögmaður  
Katherine Nichols, sérfræðingur  
Sigrún Magnúsdóttir, lögfræðingur  
Sigurður Helgason, lögmaður

The LEGAL 500

CHAMBERS AND PARTNERS

IFLR 1000

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

### Axel Kári Vignisson

Íslenska lögfræðistofan, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, Sími: 412-2800

### Elías Kristjánsson

PACTA lögmennt / Lögheimtan, Krossmóum 4, 260 Reykjanesbæ, Sími: 440-7900

### Þór Helgi Sigvaldason

Lögmennt Laugardal ehf. Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, Sími: 533-4810

### Guðmundur Snæbjörnsson

Advel lögmennt, Laugavegi 182, 101 Reykjavík, Sími: 520-2050

### Sigmar Páll Jónsson

Nordik lögfræðipjónusta, Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík, Sími: 522-5200

### Sigríður Harradóttir

LEX ehf. Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2671

### Guðný Ragna Ragnarsdóttir

Skatturinn, Laugavegi 166, 101 Reykjavík, Sími 442-1000

### Axel Óli Atlason

Arnalds og Pálsson sf. Lág múla 7, 108 Reykjavík, Sími: 516-4000

### Hildur Guðrún Þorleifsdóttir

Fulltingi slf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, Sími: 533-2050

### Guðmundur Heiðar Guðmundsson

Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, Sími: 591-0000

### Helgi Bergmann

Traust Legal, Lág múla 7, 108 Reykjavík, Sími: 516-4000

### Valdemar Karl Kristinsson

PACTA, Hafnarstræti 91, 600 Akureyri, Sími: 690-9319

### Sylvía Ólafsdóttir

RG lögmennt, Skeifunni 17, 108 Reykjavík, Sími: 550-4060

### Aníta Rögnvaldsdóttir

Lögmennt Suðurlandi, Austurvegi 3, 800 Selfoss, Sími: 869-8846

### Guðmundur Kristinn Sigurjónsson

Forstenrieder Weg 1a, 82065 Baierbrunn, Deutschland

## ENDURÚTGEFING LÖGMANNSRÉTTINDI

### Snorri Snorrason

Lagaréttur lögmannsstofa, Túngötu 14, 101 Reykjavík, Sími: 659-4659

### Sandra Björk Jóhannsdóttir

Lagaréttur, Síðumúla 33, 108 Reykjavík, Sími: 899-8242

### Grímur Sigurðarson

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Sími: 569-9600

### Helga Sæmundsdóttir

Tryggingamiðstöðin, Síðumúla 24, 108 Reykjavík, Sími: 515-2133

### Sindri M. Stephensen

Pverholti 24, 105 Reykjavík, Sími: 823-3322

## NÝR VINNUSTAÐUR

### Kristín Sólves

Embætti borgarlögmans, Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 411-4100

### Védís Eva Guðmundsdóttir

Réttur – Aðalsteinsson & Partners ehf., Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, Sími: 547-2000

### Dagrun Hálfánardóttir

Lögrýni, Stýrimannastígur 10, 101 Reykjavík, Sími: 891-9141

### Birgir Örn Guðmundsson

Lögmannsstofa Norðurlands ehf., Strandgötu 19b, 600 Akureyri, Sími: 4621200

### Ásgeir Helgi Jóhannsson

AFL lögmennt, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 841-1559

### Helga Lára Hauksdóttir

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Sími: 580-4000

## NÝTT AÐSETUR

### Snorri Snorrason

Lagaréttur lögmannsstofa, Túngata 14, 101 Reykjavík, Sími: 659-4659

### Gylfi Jens Gylfason

LGG ehf., Skeifunni 17, 108 Reykjavík, Sími: 822-5124

### Áslaug Björgvinsdóttir

Lögman lögfræðipjónusta, Síðumúla 27, 108 Reykjavík, Sími: 863-7161

### Steinunn Guðmundsdóttir

Morrison & Foerster LLP., The Scalpel, 52 Lime Street, London EC3M 7AF, Bretland

### Sylvía Ólafsdóttir

RG lögmennt, Skipholti 50, 105 Reykjavík, Sími: 550-4060

### Hlynur Jónsson

JSG lögmennt, Kaupvangi 6, 700 Egilsstaðir, Sími: 665-8858



**KPMG**  
Law



**ADVEL**  
L Ö G M E N N

# Námskeið LMFÍ

á haustönn 2020

## Ýmis fagleg námskeið:

Skiptastjórn þrotabúa

Nýtt regluverk á verðbréfamarkaði

Námskeið fyrir matsmenn

## Námskeiðslína í eignarétti:

Veiðiréttur - bæði fugl og fiskur

Hugtakið fasteign, stofnun þeirra, skráning og mat

Flatskalli, fuglsbringa og maður á hesti - Merki fasteigna  
utan skipulagðra þéttbýlissvæða

## Þrífleikur í fyrirtækjarétti:

Kaup og sala fyrirtækja

Helstu atriði í verðmati fyrirtækja

Skattaleg álitaefni við skipulagningu fyrirtækja

Nánari upplýsingar á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)